



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM UPPLÝSINGAGJÖF VEGNA UMSÓKNAR UM STARFSLEYFI SEM LÁNASTOFNUN



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM UPPLÝSINGAGJÖF VEGNA
UMSÓKNAR UM STARFSLEYFI SEM LÁNASTOFNUN

2023 nr. 9

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 21. júní nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um upplýsingagjöf vegna umsóknar um starfsleyfi sem lánastofnun.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um veitingu starfsleyfis sem lánastofnun skv. II. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.
Upplýsingar vegna umsóknar um starfsleyfi sem lánastofnun.

Lögaðili sem sækir um starfsleyfi sem lánastofnun skal veita upplýsingar í samræmi við reglugerð (ESB) 2022/2580 og á því formi sem fram kemur í reglugerð (ESB) 2022/2581, sbr. 3. gr.

3. gr.
Innleiðing reglugerða.

Með vísan til 2. gr. öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2580 frá 17. júní 2022 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem fyrirtæki á að leggja fram í umsókn um starfsleyfi sem lánastofnun og tilgreina hindranirnar sem geta komið í veg fyrir skilvirkt eftirlit lögbærra yfirvalda, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2023 frá 17. mars 2023.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2581 frá 20. júní 2022 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar veitingu upplýsinga í umsókn um starfsleyfi sem lánastofnun, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2023 frá 17. mars 2023.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2580 og 2022/2581 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R2580>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 335, þann 29. desember 2022 bls. 64-85;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R2581>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 335, þann 29. desember 2022, bls. 86-102.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi.